

beggja málsaðilja úr ríkissjóði, og eru þau ákveðin kr. 90.000.00 til hvors þeirra. Enn fremur ber að greiða úr ríkissjóði annan málskostnað beggja aðilja, kostnað stefnenda, kr. 53.542.80, og kostnað stefnda, kr. 22.910.00, báðar fjárhæðirnar samkvæmt fram-
lögðum reikningum.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hrunamannahrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Emils Ásgeirssonar o. fl., í máli þessu.

Málskostnaður stefnenda, kr. 143.542.80, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, hæstaréttarlögmanni Vilhjálmi Árnasyni, að fá kr. 90.000.00 í máflutningslaun.

Málskostnaður stefnda, hreppsnefndar Hrunamannahrepps, kr. 112.910.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnda, hæstaréttarlögmanni Hauki Jónsyni, að fá kr. 90.000.00 í máflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. apríl 1973.

Nr. 25/1972: Aðalsteinn Gunnlaugsson

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 123.237.00 með 8% ársvöxtum af kr. 140.

532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 203.874.00 frá þeim degi til 12. febrúar 1971 og af kr. 123.237.00 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Eru þar á meðal tillögur stjórnar stefnda til sjávarútvegsráðuneytis um ákvörðun meðalveiðimagns togskipa af sömu stærð og skip áfrýjanda á sumar- og haustvertíð í Vestmannaeyjum árin 1964 og 1965 og bréf sjávarútvegsráðherra 28. janúar 1965 og 21. febrúar 1966 um staðfestingu á þeim. Enn fremur hefur verið lagt fram bréf Más Elíssonar fiskimála-stjóra frá 15. desember 1972.

Lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins nr. 77/1962 leystu af hólmi lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins nr. 48/1949. Er hlutverki sjóðanna efnislega lýst á sama veg í lögnum báðum, sbr. 2. gr. þeirra. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 77/1962 er það hlutverk sjóðsins „að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum“. Meginákvæðin um ákvörðun á bótagrundvelli eru að öllu verulegu hin sömu, sbr. 4. gr. beggja laganna, þó svo, að sérstakt ákvæði er í lögum nr. 77/1962 um, að meðalveiðimagn skuli fundið „með hliðsjón af aflamöguleikum“. Auðsætt er af efni laga um sjóðinn, að þau horfa fyrst og fremst að því að marka sjóðnum meginumgerð, en stjórn sjóðsins er ætlað undir yfirstjórn ráðuneytis, sem í hlut á, nú sjávarútvegsráðuneytis, að setja sjóðnum starfssköp og móta ýmiss konar verklagsreglur.

Samkvæmt greinargerð frá stjórn Aflatryggingasjóðs hinn 18. september 1967 samþykkti hún 13. september 1963, er fyrst voru gerðar tillögur um meðalveiðimagn togbáta fyrir Suðurlandi, eftir að þær veiðar hófust að nýju, að leggja til, að meðalveiðimagn yrði 400 lestir, „miðað við 8 menn minnst“. Síðar segir svo í greinargerð stjórnarinnar: „Orsök-in til þess, að mannatala er ákveðin í samþykktinni, er, að nauðsynlegt þótti að setja reglu um mannfjölda á togveið-

um, þegar bótaútreikningar til þeirra báta hófust á ný eftir langt hlé. Var það í samræmi við stefnu sjóðsins frá upphafi að skapa hlutfall milli meðalveiðimagns, manna fjölda og annarra þeirra atriða, er ráða sóknarmætti viðkomandi veiðiskips. Þar við má bæta, að 1948—1952, sem meðalveiðimagn-ið var byggt á, var stærð áhafnar einmitt 8—10 menn almennt. Í framkvæmd þýðir ákvörðun sem þessi, að bætur til skipa með minni áhöfn en 8 menn eru skertar. Sé áhöfn stærri en 8 menn, eru bætur hins vegar auknar“. Í síðari tillögum stjórnarinnar um meðalveiðimagn, sem hér skipta máli, var enn fremur miðað við 8 manna áhöfn, eða allt til 6. september 1966, er lagt var til að miða við 6 manna áhöfn „vegna áskorana Vestmannaeyinga“, eins og í greinargerðinni segir. Í skýrslu Más Elissonar fiskimálastjóra frá 15. desember 1972 segir svo um þann þátt, sem áhöfnin myndar í mótun á meðalveiðimagni: „Ég get fullyrt, að allt frá því er ég hóf störf fyrir sjóðinn (þ. e. skömmu eftir mitt ár 1954) var beitt reglum um stærð áhafna við bótaútreikninga til báta. Var meðalveiðimagn, er bætur miðast við, ýmist skert eða hækkað upp. Gilti þetta um alla flokka báta bæði á síldveiðum og þorskveiðum.“ Segir síðar í bréfi hans, að þegar botnvörpuveiðar hófust eftir 1960 á nýjan leik og til kasta sjóðsins kom að greiða bætur, hafi við ákvörðun á meðalveiðimagni verið „beitt þeirri reglu að miða við stærð áhafna, einnig á þessum flokki skipa“.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem nú hafa verið reifaðar að nokkru, var meðalveiðimagn ákvarðað einkum með tilliti til þriggja atriða, er máli þóttu skipta um sóknarmátt skipa. Voru þessi þrjú atriði: stærð skips, veiðibúnaður og fjöldi skipverja. Hefur því ekki verið hnekkt í máli þessu, að þessi þrenn atriði séu eðlileg til viðmiðunar, og ber að telja þetta mat stjórnarinnar reist á málefnislegum rökum.

Í fundargerðum stjórnar Aflatryggingasjóðs á árunum 1963—1966 er því ítrekað lýst, að tillögur til ráðuneytisins um meðalveiðimagn séu miðaðar við tiltekna áhöfn báta. Ekki er sýnilegt af bréfum stjórnar sjóðsins til ráðuneytis varðandi tillögur um meðalveiðimagn, að þessa atriðis sé bein-

línis getið. Af gögnum máls er helzt að ráða, að stjórnin hafi litið svo á, að hér væri um alþekkta forsendu að ræða, sem ráðuneyti hefði verið gerð almennt grein fyrir. Ber í því efni að benda á, að sá þáttur, er lýtur að áhöfn, tók engum breytingum á árunum 1963—1966, að því er varðar meðalveiðimagn á því veiðisvæði og á þeirri stærð togbáta, sem mál þetta varðar. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi var fjöldi skipverja í þessu sambandi hinn sami og sá, sem greindur var í samningum um kaup og kjör sjómanna við þær veiðar, er á reynir í máli þessu, sbr. m. a. samning sjómanna og útvegsmanna um skiptakjör frá 2. febrúar 1965. Þegar ráðuneytið staðfesti tillögur stjórnar Aflatryggingasjóðs fyrir árin 1964 og 1965, er hér skiptir máli, hafði Hlutatryggingasjóður og Aflatryggingasjóður starfað samtals á annan áratug. Þær bótaákvæðanir, sem áttu rót að rekja til þáttar skips-hafnar í meðalveiðimagni, voru þá venjuhelgaðar, þ. á m. sú tilhögun að skerða meðalveiðimagn eða bæta við það, ef áhöfn var fámennari eða fjölmennari en viðmiðunarregla um áhöfn benti til, að því er ætla verður með vitund og samþykki ráðherra, enda starfar sjóðurinn undir „yfirstjórn ráðherra“, sbr. 7. gr. laga nr. 48/1949 og 7. gr. laga nr. 77/1962.

Bótaákvæðanir þær, sem mál þetta lýtur að, eru sem fyrr greinir reistar á málefnislegu mati, og eru þær í samræmi við meginreglur 2. gr. laga nr. 77/1962. Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, hefur þessum meginreglum um bótaákvæðanir verið beitt lengi og almennt, án þess að sýnt hafi verið fram á, að þeim, er sótt hafa um bætur hjá stefnda, hafi verið mismunað. Þar sem máli er svo farið, ber að dæma stefnda sýknu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Aðalsteins Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Stefndi hefur ekki uppi þá vörn fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hafi vegna tómlætis glatað rétti til heimtu þess fjár, sem hann krefur í málinu.

Með lögum nr. 48/1949 var stofnaður sjóður, er nefndur var Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Var hlutverki hans lýst svo í 2. gr. laganna, að það væri „að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum.“ Sjóður þessi tók aðeins til fiskibátaflotans, en skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild. Með lögum nr. 77/1962 var sett ný löggjöf um þá starfsemi, sem Hlutatryggingasjóður hafði með höndum. Var starfssvið sjóðsins rýmkað og deildum hans fjölgað. Náðu ákvæði laganna nú einnig til togaraflotans. Í samræmi við þetta var heiti sjóðsins breytt. Hét hann nú Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, og var heiti hinna nýju laga í samræmi við það. Meginuppistaðan í lögum nr. 77/1962 voru þó hin eldri lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, en með ýmsum breytingum, sem ekki verða raktar sérstaklega.

Í 15. gr. laga nr. 77/1962 segir, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, en að auki eru talin í 4. gr. laganna nokkur atriði, sem reglugerðin skal geyma fyrirmæli um. Samkvæmt 4. gr. er eitt þessara atriða meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, sem hafa beri til viðmiðunar, þegar reiknaðar eru bótagreiðslur úr sjóðnum, og skal þetta meðalveiðimagn fundið á þann hátt, sem nánar segir í greininni sjálfri. Framkvæmdin varð hins vegar sú, að meðalveiðimagnið var ekki tiltekið með ákvæðum í reglugerð, heldur hefur stjórn Aflatryggingasjóðs hverju sinni gert tillögur til ráðherra um ákvörðun meðalveiðimagns fyrir tiltekna flokka skipa, veiðisvæði og veiðitímabil, en ráðherra staðfest tillögurnar með sérstökum bréfum til sjóðsstjórnar. Þessi aðferð, er einnig virðist hafa tíðkæzt, meðan lög nr. 48/1949 voru í gildi, styðst við 4. gr. reglugerðar nr. 94/1963, sem er að þessu leyti í ósamræmi við lögin. Hefur áfrýjandi ekki hreyft athugasemdum, vegna þess að fylgt

var þessari venjubundnu framkvæmd, er sjávarútvegsráðherra staðfesti þær tillögur stjórnar stefnda, sem áður voru greindar.

Með bréfum sjávarútvegsráðherra 28. janúar 1965 og 21. febrúar 1966 hlutu staðfestingu tillögur stjórnar stefnda um meðalveiðimagn, sem leggja bar til grundvallar við greiðslu bóta úr Aflatryggingasjóði til togskipa í Vestmannaeyjum, sams konar og skip áfrýjanda, vegna veiðitímabila þeirra, sem í málinu greinir. Í staðfestingarbréfum ráðherra var þess ekki getið, að meðalveiðimagn þetta væri miðað við ákveðinn lágmarksfjölda skipverja eða að stefnda skyldi heimilt við útreikning bóta að lækka meðalveiðimagnið í einstökum tilvikum vegna fámennis áhafnar, enda hafði enginn fyrirvari verið gerður um þetta í tillögum stjórnar stefnda. Ekki hafði lækkun meðalveiðimagnsins við útreikning bóta til áfrýjanda beina stoð í ákvæðum laga. Skírskotun stefnda til þess, að það hafi verið regla, sem helguð hafi verið af langri framkvæmd, að bætur væru skertar vegna tölu skipverja frá því, sem ákvarðað meðalveiðimagn sagði til um, er ekki studd nægum gögnum um það, að hverju marki hefur á þetta reynt. Er ósannað, að um þetta hafi myndast venja, sem áfrýjandi verði að hlíta. Að svo vöxnu var stefnda ekki heimilt að skerða bætur til áfrýjanda, svo sem gert var. Ber því að taka til greina kröfur áfrýjanda í málinu, en fyrir Hæstarétti er enginn ágreiningur um fjárhæð dómkröfu eða vexti.

Rétt er að stefndi greiði áfrýjanda kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð eigi að vera þannig:

Stefndi, Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, greiði áfrýjanda, Aðalsteini Gunnlaugssyni, kr. 123.237.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 140.532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 203.874.00 frá þeim degi til 12. febrúar 1971 og af kr. 123.237.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., höfðaði Aðalsteinn Gunnlaugsson útgerðarmaður, Hólagötu 15, Vestmannaeyjum, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júní 1967, á hendur Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 212.376.00 með 8% ársvöxtum af kr. 111.031.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 og af kr. 212.376.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfufjárhæð sína í kr. 203.874.00 með 8% ársvöxtum af kr. 140.532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 og af kr. 203.874.00 frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 80.637.00, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð í kr. 103.308.00 og vextir reiknaðir frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður þá felldur niður. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá varakröfu sinni, en hélt að öðru leyti við gerðar dómkröfur.

Málsatvik eru þau, að með lögum nr. 77/1962 var stofnaður Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins með því hlutverki að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, en sjóðurinn skiptist í fjórar deildir, þ. e. síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild. Í 4. gr. laganna er ákvæði þess efnis, að með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnnum þar tiltekinna félaga, skuli ákveða:

- „1. Bótatímabil, er miðist við vertíðaskipti í hverri verstöð. Stundi skip ekki veiðar allt tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega.
2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því

á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað.“

Reglugerð um hina almennu deild bátaflotans við Aflatryggingasjóð bátautvegsins var sett hinn 18. júní 1963, en það er sú deild sjóðsins, sem mál þetta varðar. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir, að ákvæði hennar taki til þeirra skipa bátaflotans, sem veiðar stundi með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót. Í 2. gr. er veiðiskipum skipt í flokka. Sú flokkaskipun miðast við veiðiaðferðir, stærð skipanna og meðferð aflans. 3. gr. kveður svo á um skiptingu veiðisvæða og bóatímabil, og er þá miðað við flokkaskipun veiðiskipanna. Þá segir í 4. gr., að berist sjóðsstjórninni umsókn um bæt看 úr sjóðnum, skuli hún rannsaka aflabrogð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðsstjórnarinnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis tilgreindra aðilja ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það lagt til grundvallar bótaútreikningum. Reglugerðin ákveður þannig ekki meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, svo sem ráð er fyrir gert í 4. tl. 4. gr. laganna. Síðan hefur reglugerðin ýmis ákvæði, sem lögín sjálf hafa að geyma.

Með útfærslu fiskveiðilögsögunnar árið 1952 lögðust togveiðar báta að verulegu leyti niður, einkum við Suðurland. Skömmu eftir 1960 hófust þær hins vegar á ný í nokkrum mæli frá Vestmannaeyjum. Á árinu 1963 kom fram beiðni frá útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum um bæt看 úr sjóðnum til togbáta vegna aflabrests á því ári. Þar sem svo langt var liðið síðan útgerð slíkra báta hafði átt sér stað, ákvað sjóðsstjórnin til ákvörðunar á meðalveiðimagni að hafa hliðsjón af aflabrogðum togbáta við Suðurland og Suð-Vesturland á árunum 1948-1952. Ákvað ráðherra að fenginni tillögu sjóðsstjórnarinnar tiltekið meðalveiðimagn fyrir togbáta við Suðurland 1963, og var þá miðað við 8 manns minnst í áhöfn. Í framkvæmd þýðir ákvörðun þessi, að bæt看 til skipa með minni áhöfn en 8 menn eru skertar. Sé áhöfn stærri en 8 menn, eru bæt看 hins vegar auknar. Hið sama átti sér stað fyrir árið 1964 og 1965, að vísu með breyttu meðalveiðimagni vegna atvika, sem hér virðast ekki skipta máli, en enn var miðað við 8 manna áhöfn minnst. Stefnandi málsins gerði út veiðiskip af

tilteknum stærðarflokki á árinu 1964 og 1965. Sótti hann um bætur úr Aflatryggingasjóði og fékk fyrir árið 1964 kr. 24.981.00 en fyrir árið 1965 kr. 50.671.00. Á skipi stefnanda var aðeins 6 manna áhöfn, og því skerti Aflatryggingasjóður bæturnar til stefnanda af þeim sökum um 15%. Telur stefnandi Aflatryggingasjóð ekki hafa haft heimild til þessarar skerðingar, og því höfðar hann málið nú til heimtu fullra bóta án tillits til fjölda áhafnar. Deila aðilja snýst eingöngu um þessa skerðingu bótanna, en ekki um meðalveiðimagn eða fjárhæðir bótanna að öðru leyti.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að sjóðsstjórnin geti ekki með neinum rétti skert bótagreiðslur úr sjóðnum umfram það, sem beint sé heimilað í gildandi lögum fyrir sjóðinn, sbr. og reglugerð. Hið eina, sem sjóðsstjórninni er heimilað í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar að meta til frádráttar frá meðalveiðimagni, sé, þegar um er að ræða styttri úthaldstíma. Sú ákvörðun sjóðsstjórnarinnar að skerða bótagreiðslur togbáta í Vestmannaeyjum á árinu 1964 og 1965 um 15% frá ákveðnu meðalveiðimagni, vegna þess að áhafnir togbáta hafi verið almennt 8—10 menn á árunum fyrir 1952, þegar full og eðlileg áhöfn togbátanna 1964—1965 hafi verið 6 menn, geti naumast staðizt. Sjóðsstjórnin hafi ekki þurft að leita mörg ár aftur í tímann til að fá upplýsingar um, hver hafi verið talin full og eðlileg áhöfn togbáta við Vestmannaeyjar á árinu 1964—1965. Eftir að meðalveiðimagn hafi verið fundið í hverjum flokki og úthaldstími báts lá fyrir, hafi sjóðsstjórnin engan lagalegan rétt né nokkra heimild haft til að skerða bótagreiðslur til þeirra, sem urðu fyrir aflabresti. Sjóðsstjórninni sé boðið í 10. gr. laganna og 7. gr. reglugerðarinnar, hvað skuli greiða hverjum. Þann rétt, sem hver á eftir þeim lagaboðum, geti sjóðsstjórnin ekki skert. Þá bendir stefnandi á, að við greiðslu úr sjóðnum til sín hafi ekki fylgt neinir útreikningar, með hverjum hætti greiðslan hafi verið reiknuð, og því hafi hann eigi getað séð við móttöku bótagreiðslanna, með hverjum hætti sjóðsstjórnin hafi reiknað út bæturnar. Slíkur háttur af sjóðsstjórnarinnar hálfu sé til þess fallinn að vekja tortryggni á vinnubrögðum hennar, svo sem í ljós hafi komið í máli þessu, og það ekki að ástæðulausu, þar sem stjórn sjóðsins virði að vettugi lög og starfsreglur sjóðsins.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með lögum nr. 77/1962 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sé svo kveðið á í 3. tl. 4. gr., að með reglugerð skuli skipta veiðiskipum í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafi skilyrði fyrir

sama meðalveiðimagni með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar og fleira. Samkvæmt 4. tl. sömu greinar sé jafnframt kveðið svo á, að meðalveiðimagnum þetta skuli fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Það sé viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að þau þrjú höfuðatriði, sem ráða sóknarmætti og aflamöguleikum fiskiskipa, séu: 1. stærð skipanna, 2. veiðibúnaður þeirra og 3. fjöldi áhafnar. Til þess að fullnægja framangreindum ákvæðum laganna hafi því verið um tvo kosti að velja fyrir sjóðsstjórnina. Sá fyrri að flokka skipin með hliðsjón af fyrrgreindum þrem höfuðatriðum, sem hefði þýtt margfalt meiri flokkun bátanna frá því, sem nú sé í reglugerðinni, þar sem þátturinn „fjöldi áhafnar“ leiði til margföldunar flokka veiðiskipanna. Ef þessi leið hefði verið farin, hefði að sjálfsgöðu orðið að ákveða meðalveiðimagnum fyrir hvern flokk báta fyrir sig og þá að sjálfsgöðu verið ákveðið lægra meðalveiðimagnum fyrir bát með 6 manna áhöfn af hverri stærð en þann, sem var með 8 manna áhöfn. Síðari kosturinn og sá, sem sjóðsstjórnin valdi og þjónar nákvæmlega sama markmiði og fyrri kosturinn, er hún samdi reglugerð fyrir sjóðinn, hafi verið sá að flokka skipin eftir stærð og veiðibúnaði, en skapa sér þá verklagsreglu að ákvarða síðan meðalveiðimagnið fyrir hvern flokk báta miðað við ákveðinn fjölda áhafnar (í þessu tilfelli 8 menn) og skerða síðan meðalveiðimagnið hlutfallslega, ef um færri menn var að ræða, en bæta við það, ef um fleiri menn en 8 var að ræða, og væri þetta gert við útreikning bótanna hverju sinni. Á þennan hátt hafi reglugerðin um sjóðinn, sérstaklega 2. gr. hennar, verið gerð mun einfaldari heldur en hún hefði annars verið, ef fyrri leiðin hefði verið farin, auk þess sem verklagsregla þessi hafi einfaldað allt starf sjóðsstjórnarinnar varðandi tillögur um meðalveiðimagnum og útreikning bóta úr sjóðnum. Það hafi því verið alger forsenda sjóðsstjórnarinnar við ákvörðun á meðalveiðimagnum, að á skipi væri 8 manna áhöfn. Þessari reglu hafi ávallt verið fylgt síðan 1949, er fyrst var stofnaður sjóður til að bæta aflabrest, þótt hann þá hafi heitið Hlutatryggingasjóður í stað Aflatryggingasjóður nú, en markmið beggja sjóðanna sé hið sama. Þessi bótaútreikningsmáti sjóðsstjórnarinnar hafi aldrei sætt neinum mótmælum af hálfu sjómanna eða útvegsmanna fyrr en nú og því verið viðurkenndur í framkvæmd. Það sé og ljóst, að sóknarmáttur skips með 6 manna áhöfn sé minni en skips með 8 manna áhöfn. Þótt engin bein ákvæði séu að finna í lögnum eða reglugerðinni, sem ákvarði, að skerða meggi ákveðið meðalveiðimagnum vegna fjölda skipverja á skipi, þá verði að telja, að

sá háttur sjóðsstjórnarinnar við útreikning bóta til hinna ýmsu skipa sé þannig í fullu samræmi við ákvæði laganna og tilgang þeirra. Sjóðsstjórninni sé ætlað að bæta aflahlut skips og áhafnar, en skiptihlutfall breytist að sjálfsögðu við fjölda áhafnar.

Már Elísson, fiskimálastjóri og stjórnarformaður hins stefnda sjóðs, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það sé venja, þá er greiddar eru bætur frá stefnda, að kvittun sé heft við útreikninga og útgerðarskýrslur fyrir skipið og liggja því ávallt til sýnis, þá er bætur eru greiddar. Í tilfelli því, sem hér um ræði, beri hins vegar á það að líta, að stefndi reyni að koma því þannig fyrir, að bætur séu greiddar á viðkomandi stað, og því geti verið, að bæturnar hafi verið greiddar af umboðsmanni sjóðsins í Vestmannaeyjum. Þegar svo sé ástatt, séu minni líkur fyrir því, að útreikningarnir fylgi, eða sé jafnvel mjög ósennilegt. Hins vegar sé útvegs mönnum ávallt frjálst að sjá sinn eigin útreikning hjá sjóðsstjórninni. Hann kvað stefnanda málsins oft hafa talað við sig, en hann kvaðst ekki minnst þess sérstaklega, að stefnandi hafi beðið um að fá að sjá útreikninga á bótum til sín.

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst, að um almennan aflabrest var að ræða á viðkomandi veiðisvæði á tímabili því, sem um ræðir, þannig að til kasta stefnda kom að greiða bætur. Er því augljóst, að afli skipa hafi eigi verið nægur til þess að gera upp við skipverja samkvæmt reglum um hlutaskipti, þótt undantekning kunni þar á að hafa verið.

Því er ómótmælt, að réttum formreglum laganna um Afla-tryggingasjóð sjávarútvegsins og reglugerð um hina almennu deild bátaflotans við sjóðinn hafi verið beitt við ákvörðun meðalveiðimagns, en meðalveiðimagnið var ákveðið með tilliti til þess, að á skipi væri 8 manna áhöfn.

Lög nr. 77/1962 ákveða í 3. tölul. 4. gr., svo sem áður greinir, að með reglugerðinni skuli ákveða skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama veiðimagni með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar o. fl. Samkvæmt orðanna hljóðan í reglugerðinni er skipting skipanna í flokka eigi bundin við fjölda áhafnar, en dómurinn telur ramma laganna og eðli máls samkvæmt, að nauðsyn hefði borið til skiptingar að því leyti.

Það er ljóst, að aflamöguleiki veiðiskips með 6 manna áhöfn er minni en veiðiskips með 8 manna áhöfn, m.a. með tilliti til þess, að það tekur hið fyrrnefnda lengri tíma að innbyrða, gera að og losa afla í landi.

Ætla verður, eins og hér er málum háttað, að útgerðarmenn skipa, sem bætur fengu frá stefnda, hafi gert upp við skipverja sína sammingsbundna kauptryggingu. Leiðir það til þess, að útgerðarmaður, sem á skipi sínu hefur 6 manna áhöfn, hefur minni útgjöld að því leyti en útgerðarmaður, sem á skipi sínu hefur 8 manna áhöfn. Við bótageiðslu úr sjóði stefnda kæmi því meira í hlut hins fyrrnefnda en hins síðarnefnda. Telja verður, að það sé tilgangur laganna, að sem mestur jöfnuður fáiast með veiðiskipum, en samkvæmt framansögðu næst slíkur jöfnuður eigi, ef eigi væri tillit tekið til fjölda áhafnar. Telur dómurinn því, að stjórn stefnda hafi verið heimil sú skerðing á bótum til stefnanda, sem af því leiddi, að hann hafði aðeins 6 manna áhöfn á skipi sínu. Er í því sambandi eigi annað komið fram en að réttum hundradshluta hafi verið beitt við skerðingu bótanna miðað við áhafnarfjölda.

Undir rekstri málsins kom í ljós, að stefndi hafði fengið uppgafið aflamagn skips stefnanda fyrir árið 1964 of lágt, en aflamagnið var byggt á aflaskýrslu, sem undirrituð var af starfsmanni Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum h/f, þar sem afla skips stefnanda var landað, svo og af stefnanda sjálfum. Nam skekkja þessi kr. 80.637.00 of lágum bótum til stefnanda. Er skekkja þessi kom í ljós, greiddi stefndi stefnanda umrædda fjárhæð. Stefndandi hefur í kröfum sínum krafizt vaxta og málskostnaðar af fjárhæð þessari, svo sem fram kemur í kröfugerð hans við munnlegan flutning málsins. Að þessu athuguðu þykir eigi efni til að verða við kröfum stefnanda að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jóni Björnssyni skipstjóra og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Aflaþryggingasjóður sjávarútvegsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Aðalsteins Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
